

Ed.

446. Frumvarp

til laga um breyting á lögum nr. 33, 2. nóv. 1914.

(Eftir 3. umr. í Nd.)

1. gr.

1. gr. laga nr. 33, 2. nóv. 1914, orðist svo:

Hreppsnefnd skal á ári hverju í októbermánuði gera áætlun um allar tekjur og útgjöld hreppsins yfirstandandi fardagaár, og að því leyti, sem aðrar tekjur hreppsins hrökkva eigi fyrir útgjöldum, jafna niður eftir efnunum og ástæðum sem aukaútsvari því, sem vantar, á alla þá, sem eiga lögheimili eða hafa fast aðsetur í hreppnum eigi skemur en þrjá mánuði. Þeir skulu greiða þar fult gjald eftir öllum efnahag sinum, nema þeir á gjaldárinu hafi líka haft fast aðsetur annarsstaðar og goldið þar útsvar; þá skal frá ársútsvarinu

draga tiltölulega við þann tíma, er þeir dvöldu annarsstaðar, þó ekki meira en þeir guldu þar.

Ef rekin er í hreppnum atvinna, sem talin er sjerstaklega arðsöm, svo sem verslun eða einhver kaupskapur eða þilbátaútgæð, þá má leggja á þá atvinnu aukaútsvar, þótt ekki sje rekin nema 4 vikur og atvinnurekandinn eigi heimili annarsstaðar. Á hvalveiði, sildveiði með nóð, á atvinnu útlendra skipa við verkun á sild á höfnum inni eða í landhelgi, laxveiðaafnot, ábúð á jörð eða jarðarhluta, leiguliðanot af jörð, svo sem slægjuafnot, þótt engin ábúð fylgi, og lóðarafnot, sem einhvern arð gefa, má leggja útsvar, þótt sú atvinna sje rek-in enn styttri tíma. Á kaupfjelög og þöntunarfjelög má leggja aukaútsvar, et þau hafa leyst borgarabréf og hafa sölubúð og vörur til sölu, svo sem hæfa þykir eftir árlegri veltu og arði í söludeild fjelagsins.

2. gr.

Með lögum þessum er úr gildi numin 1. gr. laga nr. 33, 2. nóv. 1914, og lög nr. 48, 3. nóv. 1915.